

Ed.

482. Frumvarp til laga

[203. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. apríl.)

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslu. Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er vöð á.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. hinn 1. maí 1969 og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan er jafnframt leyst upp miðað við sama tíma og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi skv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga.

4. gr.

Ríkissjóður leggur Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Ríkissjóður leggur verksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum.

5. gr.

Að því leyti, sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstjórnin lántökuna samkvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra. Hann veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórn á framkvæmdum og sjálfum verksmiðju-rekstrinum.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra.

8. gr.

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.

9. gr.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skulu eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til að verksmiðjan geti staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

10. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf, sem eru í einkaeign í Áburðarverksmiðjunni h.f., á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. apríl 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969.

14. gr.

Hinn 1. maí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. maí 1969 til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum.

18. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

19. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, og lög nr. 47 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.